

Nd.

373. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi: og frystum eða söltuðum hrognum að fengnum tillögum Landssambands isl. útvegsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögín um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl. voru samþykkt í þinginu rétt fyrir jólin, var það gert í því skyni, að raunveruleg hækkun, er næmi um 30%, fengist á allan afla bátaútvegsins. Frumvarpið að lögnum var hins vegar mjög fljótfærnislega samið, vegna þess að meiri hl. fjárhagsnefndar Nd. vildi ekki flytja frv., er ég lagði fyrir hana um þetta efni, sem samið var eftir ýtarlegan undirbúning og í samráði við ýmsa forustumenn í sjávarútvegsmálunum. Ofan á þetta bættist, að málinu þurfti að hraða mjög mikið í gegnum þingið, svo að ekki gafst tóm til rækilegrar yfirvegunar. Ýmis ákvæði frv. voru óskýr, og voru sum þeirra lagfærð með yfirlýsingum í þinginu. Eitt af því, sem ekki var sérstaklega fram tekið, að ríkisstjórninni væri heimilt að taka ábyrgð á, var söltuð eða fryst hrogn. Mér er kunnugt um það, að margir þingmanna töldu, að í hinni almennu heimild, sem felst í 4. gr. laganna, væri ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast ákveðið útflutningsverð á hrognum, og tel ég, að orðalagið heimili það, en nú hefur það komið í ljós, að fyrrv. fjármálaráðherra, Pétur Magnússon, hefur lýst yfir því, að hann telji ekki heimild fyrir ábyrgð á útflutningsverði hrogna. Atvinnumálaráðuneytið leitaði heimildar fjármálaráðuneytisins með bréfi, dags. 27. jan. 1947, að veitt yrði ábyrgð á söltuðum hrognum sem hér segir: fyrir söltuð hrogn pr. tunnu kr. 210.00, fyrir metin og pökkuð hrogn kr. 235.00 og fyrir sykursöltuð hrogn kr. 195.00, með það fyrir augum, að hægt væri að auglýsa lágmarksverð á hrogn ekki lægra en í fyrra, kr. 0.50 pr. kg. Ábyrgðarverð þetta var byggt á tillögum Sambands isl. útvegsmanna. Með bréfi, dags. 1. febrúar s. l., neitaði fjármálaráðuneytið að samþykkja þessa ábyrgð og tók fram, að því væri ekki kunnugt um, að nein lagaheimild væri fyrir því, að ríkissjóður tæki á sig slíka ábyrgð. Þessi bréf eru birt hér á eftir sem forskj. I. og II.

Útvegsmenn væntu þess, að ríkissjóður ábyrgðist útflutningsverð á hrognum, og töldu eins og fleiri, að það fælist í lögnum, sem sett voru um fiskábyrgðina. Eftir úrskurð fjármálaráðuneytisins er vart um annað að ræða en þingið kveði á um þetta atriði með breytingu við lögín, og er frv. þetta flutt í því skyni.

Eins og nú er, er hrognum fleygt í sumum verstöðvum, en annars staðar eru þau tekin til söltunar, án þess að fiskimönnum sé greitt ákveðið verð fyrir hrognin. Heildarhrognaframleiðslan getur orðið 15—20 þús. tonn, svo að mikið er í húfi, að þau séu verkuð, en ekki fleygt, auk þess sem það hefði í för með sér allmikla tekjurýrnun fyrir útveginn og drægi úr áhrifum þeirra ráðstafana, sem felast í lögnum um ríkisábyrgð fyrir bátaútveginn.

Fylgiskjal I.

ATVINNUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 27. jan. 1947.

Hér með skal fjármálaráðuneytinu tjáð, að samkvæmt upplýsingum, er ráðuneytinu hafa borizt, er hrognum nú fleygt í nokkrum verstöðvum. Til þess að koma í veg fyrir þetta ber nauðsyn til að auglýsa lágmarksverð á hrognunum, sem ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs, sbr. 7. gr. laga nr. 97/1946.

Út af þessu sendist fjármálaráðuneytinu hér með afrit af bréfi Landssambands ísl. útvegsmanna, dags. 24. þ. m., en í því er áætlun yfir kostnað við söltun á salt-hrognum og kryddhrognum, og óskar ráðuneytið samþykkis þess á því, að ríkissjóður ábyrgist útflutningsverð á söltuðum hrognum óþökkuðum kr. 210.00, metin og þökkuð fyrir franskan og spanskan markað gr. 235.00 og sykursöltuð kr. 195.00. Miðist verð þetta við, að innihald tunnu sé eins og um getur í bréfi L. Í. Ú. Skilyrði þessa ábyrgðarverðs er, að fersku hrognin verði keypt fyrir ekki lægra verð en kr. 0.50 pr. kg. Fáist hærra verð fyrir útflutt hrogn en sem nemur ábyrgðarverðinu, skal uppbæta ferskhrognaverðið eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar.

Þegar ábyrgðin hefur verið veitt, mun þetta ráðuneyti auglýsa lágmarksverð á hrognum og setja nánari fyrirmæli til að tryggja góða verkun hrognanna.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

Til fjármálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 1. febr. 1947.

Í tilefni af erindi atvinnumálaráðuneytisins, dags. 27. þ. m., um að ríkissjóður ábyrgist útflutningsverð á söltuðum hrognum, vill þetta ráðuneyti taka fram, að því er ekki kunnugt um, að nein lagaheimild sé til fyrir því, að ríkissjóður taki á sig slíka ábyrgð.

Pétur Magnússon.

Sigtr. Klemensson.

Til atvinnumálaráðuneytisins.